

Dags. fundar: 4. maí 2015	Tími: 17.15.	Nr. fundar: 51
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	Fundarritari: Björn Valdimarsson.	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. Smáþjóðaleikar.
2. Breyting á nafni nefndarinnar.
3. Hugmynd að breyttum boðleiðum.

Viðstaddir: Sigurður Óli Guðmundsson, Björn Valdimarsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir og Viktoría Gísladóttir.

Boðaði forföll: Ólafur Baldursson og Jón Hjaltason..

Dagskrá:

1. Sigurður Óli fór yfir það með mættum nefndarmönnum hvernig staðan í dómaramálum o.fl., fyrir Smáþjóðaleikana stendur. Of mikið er um það að þeir tölvupóstar sem sendir hafa verið valda misskilningi hjá viðtakendum þar sem póstarnir virðast ekki vera lesnir til enda. Hefur þetta margfaldað vinnu við að raða niður í störf en ætti þeirri vinnu að fara að ljúka.
2. Nefndin hefur aftur fengið nafnið Dómaranefnd. Breytt erindisbréf nefndarinnar hefur verið í vinnslu en netfang hennar verður áfram dmtnefnd@gmail.com
3. Nefndin leggur til að boðleiðir til hennar og frá henni verði stytta þegar mikið liggur við og málefnin metin þannig að ekki sé hægt að biða næsta fundar hvorki nefndarinnar né stjórnar SSÍ. Boðleiðir verði þá beint til formanns nefndarinnar og beint til formanns og/eða framkvæmdastjóra SSÍ. Einnig þætti nefndarmönnum gott að fá sendar fundargerðir stjórnar ef í þeim er fjallað um mál sem nefndin á að taka fyrir á næsta fundi hjá sér.
4. Á heimasíðu SSÍ vantar enn nýjar sundreglur FINA sem breyttust á þessu ár svo og fleiri gögn. Hver sér um uppfærslu á skjölum inn á vefsíðuna?

Fundi slitið kl: 18.30. Næsti fundur: hádegisfundur í Smáþjóðaleikavíkunni, nánar dagsettur og tímasettur í tölvupóstum þegar nær dregur.